



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. allsherjar- og menntamálanefndar
Austurstræti 8 - 10
101 Reykjavík

Reykjavík 11. mars 2015

1503024SA TP
Málalykill: 401

Efni: Umsögn um frumvarp til laga vegna Sáttmála SP um réttindi fatlaðs fólks - 466. mál 144. lþ.

Nefndasvið Alþingis hefur með tölvupósti dags. 20. febrúar sl. sent ofangreint frumvarp til umsagnar hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Samband íslenskra sveitarfélaga styður eindregið að sáttmáli Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, verði innleiddur hér á landi og fullgiltur að alþjóðalögum. Unnið hefur verið að málinu um allanga hríð og hillir nú undir að stórum áfanga verði fljótlega náð, með því að innanríkisráðuneytið hefur kynnt drög frumvarps um breytingar á lögræðislögum. Er með því tekið af skarið um að íslenskar lagareglur um persónuleg réttindi fólks skuli vera í samræmi við ákvæði sáttmálans, einkum 12. og 14. gr. hans.

Jafnframt er unnið að öðrum frumvörpum sem snerta innleiðinguna m.a. um eftirlit hér á landi með ákvæðum sáttmálans. Er þar horft til nýrrar skipunar á stjórnarsýslu velferðarmála og að innlend mannréttindastofnun verði sett á fót á grundvelli laga, í samræmi við 33. gr. sáttmálans.

Fyrirliggjandi frumvarp felur í sér eitt af þeim skrefum sem stíga þarf í innleiðingarferlinu, og styður sambandið því að frumvarpið verði að lögum.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA


Karl Björnsson
framkvæmdastjóri